

Erindisbréf fyrir skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps.

Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps er skipuð af hreppsnefnd Kjósarhrepps og í henni skulu sitja þrír fulltrúar og jafn margir til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi fer fram kjör formanns og varaformanns.

Skipulags- og byggingarfulltrúi starfar með nefndinni. Hann boðar fundina með dagskrá, situr fundi nefndarinnar, hefur þar málfrelsi og tillögurétt ásamt því að rita rafræna fundargerð. Fulltrúi frá sveitarstjórn situr fundi nefndarinnar.

Nefndin heldur fundi að jafnaði síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Skrá skal í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og hvar frumrit fundargerð er varðveitt. Þá skal færa í gerðarbók fundarslit og greina frá hvað fundargerðin hefur margar blaðsíður. Stjórnarmenn og skipulags- og Byggingarfulltrúi undirrita fundargerðina sem fara skal til varðveislu í sérstakri möppu. Fundargerð fer til hreppsnefndar til afgreiðslu og að því loknu skal fundargerðin birt á heimasíðu Kjósarhrepps, að jafnaði innan 5 daga.

Nefndarmaður skal víkja af fundi þar sem mál eru til umfjöllunar sem snerta hann sjálfan eða nákominn skyldmenni, sbr. vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi og inn skal koma varamaður. Nefndarmaður telst vanhæfur til að taka ákvarðanir í málum sem munu fyrirsjáanlega valda honum sérstökum ávinningi eða óþægindum. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og ber formaður ábyrgð á að boðaður sé til fundarins varamaður.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og þær skyldur eru lagðar á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Hlutverk nefndarinnar er:

- að fjalla um umsóknir um leyfi til bygginga og annarra verklegra framkvæmda og afgreiða slíkar umsóknir í samræmi við lög og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.
- að vera hreppsnefnd til ráðgjafar í málefnum er undir nefndina heyra og þeim málefnum sem hreppsnefnd felur henni.
- að sinna öðrum málefnum sem undir nefndina heyra eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.
- að gera tillögur til hreppsnefndar um markmið í málaflokkum sem undir nefndina heyra og hafa eftirlit með því að samþykkt markmið hreppsnefndar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
- að hafa forgöngu um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og fjalla um skipulagstillögur.
- að hafa eftirlit með því að ákvæði laga á verksviði nefndarinnar séu haldin.

Nefndin getur tekið ákveðin mál og vísað þeim til hreppsnefndar.

Nefndir setur sér verklagsreglur til samþykktar hjá hreppsnefnd.

Gildistaka Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalega nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps á fundi nr. 210 og tekur þegar gildi.